

JHBS/dk Reykjavík, 19. nóvember 2012

I.

Stjórn Ákærendafélags Íslands hefur borist til umsagnar með rafpósti allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 6. þ.m., frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála, með síðari breytingum, 292. mál, skilyrði fyrir beitingu úrræða skv. XI. kafla.

Með lagafrumvarpinu eru lagðar til breytingar sem í grófum dráttum er unnt að flokka í þrennt. (1) Að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir þurfi ávallt að vera til staðar, til viðbótar við önnur ófrávíkjanleg skilyrði sem fram koma í 81. og 1. mgr. 82. gr., sbr. 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. laga nr. 88/2008, svo dómara sé unnt að fallast á kröfu lögreglu um símahlustun (81. gr.) eða önnur skyld rannsóknarúrræði (1. mgr. 82. gr.). (2) Að refsiramma þeirra brotaflokka sem falla undir heimildirnar verði lækkaður úr átta árum í sex ár. (3) Að felld verði út matskennd heimild um að dómara sé unnt að fallast á kröfu lögreglu um símahlustun eða önnur skyld rannsóknarúrræði á grundvelli almannahagsmuna eða einkahagsmuna þegar skilyrði um refsiramma (lágmark) er ekki uppfyllt. Ákveðnir brotaflokkar í almennum hegningarlögum sæti undan-tekningu varðandi skilyrði um refsilágmark en lúti að öðru leyti sama efnislega mati og aðalflokkarnir en undantekningarflokkarnir verði taldir upp með tæmandi hætti: 175. gr. a (skipulögð brotastarfsemi), 206. gr. (refsiverð háttsemi í tengslum við vændi), 210. gr. (klám), 226. gr. (frelsissvipting), 1. mgr 232. gr. (brot gegn nálgunarbanni) og 233. gr. (hótanir).

Stjórn ákærendafélagsins leggst gegn þeim hluta frumvarpsins sem flokkaðir voru undir fyrsta (1) og og þriðja (3) flokk hér að framan og varar við því að frumvarpið verði að því leyti samþykkt í óbreyttri mynd.

II.

Almennar athugasemdir með frumvarpinu eru að mestu samantekt á því lagaumhverfi sem gildir í dag um símahlustun og skyld rannsóknarúrræði. Athugasemdirnar eru hins vegar óskýrar um það hvert hafi verið umboð réttarfarsnefndar við gerð frumvarpsins, hvernig var staðið að samningu frumvarpsins, á hvaða stigi réttarfarsnefnd var falið að koma að verkinu, hvaðan frumvarpstillögunar voru sóttar, hvaða hugmyndafræðilegi grundvöllur býr að baki frumvarpinu og hvort eða hvaða samráð, formlegt eða óformlegt, hafi verið haft við helstu undirstofnanir sem málefnið varðar. Stjórn ákærendafélagsins er ekki kunnugt um að farið hafi fram heildstæð hlutlaus úttekt á stöðu mála hér á landi varðandi símahlustun og skyld rannsóknarúrræði og hvort og að hve miklu leyti þörf sé á þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu. Hið sama á við að hve miklu leyti gagnrýni á rétt á sér sem vísað er til í almennum athugasemdum með frumvarpinu og virðist vera undirliggjandi ástæða þess að frumvarpið er komið fram.

Það verður helst ráðið að frumvarpið sé fyrst og fremst pólitískt og endurspegli að nokkru sjónarmið þeirra sem talað hafa fyrir því að þrengja rannsóknarheimildir lögreglu með friðhelgi einkalífs að leiðarljósi. Frá þessu er þó það frávík að frumvarpinu virðist vera ætlað að skjóta styrkari stöðum undir rannsóknarheimildir lögreglu vegna sérgreindra brotaflokka, þ.e. skipu-lagðrar brotastarfsemi, vændis, brots gegn nálgunarbanni o.fl. Eins og frumvarpið er úr garði gert er gengið of langt í því að takmarka heimildir lögreglunnar að óþörfu svo ekki

fæst samrýmst hagsmunum samfélagsins um að lögreglu verði með góðu móti gert kleift að beita símahlustun og skyldum rannsóknarúrræðum í því skyni að upplýsa um alvarleg afbrot. Þá er hætt við því að hin sérgreindu markmið vegna fyrrgreindra brotaflokka, þ.e. skipulagðrar brotastarfsemi, vændis o.fl. náist ekki vegna þeirra ströngu skilyrða sem ætlað er að gilda um umrædd rannsóknarúrræði og frumvarpið kunni þannig að snúast upp í andhverfu sína og lögreglu verði gert mjög erfitt um vik að afla nauðsynlegra rannsóknarheimilda í þágu rannsókna alvarlegra sakamála.

III.

Í gildandi lögum um meðferð sakamála er gert ráð fyrir að lögregla þurfi fyrst og fremst að sýna fram á að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með því að beita símahlustun eða skyldum rannsóknarúrræðum. Því skilyrði til fyllingar þarf grunur lögreglu að vera á rökum reistur og meðalhófs sé gætt. Þá þarf einnig að vera uppfyllt skilyrði um að meint brot varði a.m.k. átta ára fangelsi ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess að rannsóknarúrræðunum verði beitt. Með því að breyta orðalagi 2. mgr. 83. gr., eins og að er stefnt með frumvarpinu, þá er verið að þrengja verulega að heimildum lögreglu til að beita símahlustun og skyldum rannsóknarúrræðum. Breytingin felur í sér að lögregla þarf ávallt, til viðbótar við núgildandi lagaskilyrði, að sýna fram á að ríkir almanna-hagsmunir eða einkahagsmunir séu fyrir hendi svo unnt sé að beita téðum rannsóknarúrræðum.

Vandséð er að breytingin sé til þess fallin að gera skilyrðin fyrir beitingu rannsóknar-úrræðanna skýrari eins og ráðið verður af almennum athugasemdum með frumvarpinu að sé eitt af megin markmiðum með frumvarpinu. Hugtökin almannahagsmunir og einkahagsmunir eru fremur óskýr lagahugtök og þau eru ekki skilgreind í frumvarpinu né í gildandi réttarfarslögum. Þá eru athugasemdir með frumvarpinu fátæklegar og lítt til þess fallnar að skýra hugtökin nánar. Hið sama er uppi varðandi lögskýringargögn gildandi laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sem og forvera þeirra laga, sbr. eldri réttarfarslög nr. 19/1991 og 74/1974. Ekki er kunnugt um sérstaka fræðilega umfjöllun um hugtakið einkahagsmuni á sviði sakamálaréttarfars hér á landi svo gagn sé af í þessu sambandi, a.m.k. ekki sem birst hefur á opinberum vettvangi. Þá er fræðileg umfjöllun hér á landi um hugtakið almannahagsmuni á sama réttarsviði afar takmörkuð og helst í tengslum við skilyrði fyrir beitingu gæsluvarðhalds, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála. Í þeirri umfjöllun hefur helst komið fram að um sé að ræða hagsmuni almennings um að brotamenn séu frelsissviptir vegna mjög alvarlegra eða svivirðilegra brot til að lægja öldur í þjóðfélaginu (Eiríkur Tómasson: Þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar sakamáls, Úlfjótur 2009, bls. 74. Eiríkur Tómasson: Sakamálaréttarfar: Rannsókn – þvingunarráðstafanir, Codex 2012, bls. 297). Ljóst má vera að slík nálgun er allt of óljós og þröng þegar kemur að mati á skilyrðum símahlustunar og skyldra rannsóknarúrræða þegar uppi eru brýnir rannsóknarhagsmunir um beitingu símahlustunar og skyldra rannsóknarúrræða. Í þessu sambandi skal einnig áréttað að oft á tíðum er ekki búið að fullfremja brot þegar slíkum rannsóknarúrræðum er beitt og því óvist á því stigi um hversu alvarlegt brot er að ræða. Það á t.d. oft við þegar um er að ræða rannsókn á innflutningi fikniefna og fullkomin vitneskja um tegund, magn og styrkleika efna liggur ekki fyrir á meðan unnið er að rannsókn þar sem haldlagning efna hefur ekki farið fram. Þá skal tekið fram að langflestar síma-hlustanir og skyldar

rannsóknaraðgerðir hafa einmitt verið einmitt tilkomnar vegna fikniefnamála. Einnig skal tekið fram að meðal lögfræðinga er uppi nokkur fræðilegur ágreiningur um það hvenær sýnt er nægjanlega fram á að skilyrði um almannahagsmuni séu uppfyllt í tengslum við beitingu gæsluvarðhalds. Má ætla að sami ágreiningur verði uppi varðandi skilyrði fyrir beitingu símahlustunar og skyldra rannsóknarúrræða verði frumvarpið að óbreyttu að lögum. Í þessu sambandi vísast t.d. til nýlegrar sameiginlegrar tímaritsgreinar tveggja lögfræðinga, Ragnars Aðalsteinssonar og Fanneyjar Hrunnar Hilmarsdóttur: Misbeita dómstólar heimild til gæslu-varðhalds á grundvelli almannahagsmuna, Úlfjótur – tímarit laganema, 3. tbl. 2012, bls. 339 – 361. Í greininni er m.a. mjög deilt á réttarframkvæmd og vikið að því að hugtakið almannahagsmunir sé óskýrt í lögum og lögskýringargögnum og fræðileg umfjöllun um hugtakið takmörkuð.

Verði frumvarpið að óbreyttu að lögum þá eru allar líkur á því að dómstólar muni beita mjög ströngum mælikvarða þegar kemur að mati á skilyrðum símahlustunar og skyldum rannsóknarúrræðum. Orðalag frumvarpsins skírskotar beinlínis til þess að almannahagsmunir eða einkahagsmunir verði að vera „ríkir“ til viðbótar við önnur ströng efnisleg skilyrði. Það verður að telja að með þessu áherslu orðalagi sé gengið allt of langt að teknu tilliti til þess að um er að ræða viðbótarskilyrði við önnur þröng efnisleg skilyrði fyrir beitingu úrræðanna. Þá er ekki unnt að fallast á rök í þá veru að eðlilegt sé að orða ákvæðið með þessum hætti í ljósi núgildandi orðalags ákvæðisins. Núgildandi orðalag vísar til undantekningarheimildar þar sem ekki er um að ræða skilgreint refsilágmark og á því er regin munur miðað við það sem stefnt er að með frumvarpinu. Orðalagið stingur auk þess í stúf við orðalag um skilyrði gæsluvarðhalds á grundvelli almannahagsmuna þar sem umrætt áhersluforskeyti er ekki notað, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála. Af orðalaginu verður þannig ráðið að draga eigi þá ályktun að skilyrðið um almannahagsmuni eigi að lúta strangara mati þegar kemur til þess að taka afstöðu til kröfu lög-reglu um heimild fyrir símahlustun eða skyldum rannsóknarúrræðum samanborið við það þegar meta á skilyrði gæsluvarðhalds á grundvelli almannahagsmuna. Um er að ræða órókrétt misræmi en telja má að beiting gæsluvarðhalds á grundvelli almannahagsmuna (langvinn frelsisskerðing) feli alla jafna í sér alvarlegri röskun á mannréttindum sakbornings en sem leiðir af símahlustun eða skyldum rannsóknarúrræðum.

Telja verður að óskynsamlegt sé að telja upp undantekningarflokkka með tæmandi hætti sem falli utan skilgreinds refsilágmarks og einskorða þá við almenn hegningarlög eins og lagt er til með frumvarpinu. Engan veginn er hægt að sjá fyrir allt sem kann að gerast í samfélaginu og hvað fólki gengur til sem fremur afbrot. Löggjöf breytist og einnig mannanna verk. Lögregla verður á hverjum tíma að vera unnt að bregðast við óvæntum og ófyrirsjáanlegum atvikum. Þá er einnig bent á að það hlýtur að vera misritun í frumvarpinu að vísa til 210. gr. almennra hegningarlaga (klám) eða að láðst hefur að breyta frumvarpinu eftir að lagaákvæðinu var breytt með 6. gr. laga nr. 58/2012, sbr. 210. gr. a. (barnaklám) og 210. gr. b. (nektar- og klámsýningar með börnum). Það hlýtur að vera átt við hin nýju lagaákvæði.

Þá verður að telja óheppilegt að í frumvarpinu sé ekki kveðið á um laga-skilareglu auk þess sem að í greinargerð með frumvarpinu er ekki fjallað um hvernig fara eigi með þær símahlustanir og skyldar rannsóknaraðgerðir sem kunna að vera byrjaðar og ólokið á þeim tíma er lögnum er ætlað að taka gildi. Af þessum

ástæðum verður uppi nokkur óvissa um rannsóknaraðgerðir sem kunna að vera yfirstandandi á þeim tíma. Símahlustun og skyldar rannsóknaraðgerðir eru að jafnaði ákveðnar með dómsúrskurði nokkrar vikur fram í tímann frá og með uppkvaðningu dómsúrskurðar.

IV.

Þrátt fyrir að frumvarpið láti ekki mikið yfir sér er um að ræða mjög mikla breytingu á núgildandi heimildum lögreglu til símahlustana og skyldra rannsóknaraðgerða. Þess háttar rannsóknaraðgerðir skipta oft mjög miklu máli við rannsóknir alvarlegra sakamála, t.d. stórra fíkniefnamála. Það skýtur skökku við að á sama tíma og talað er fyrir því að styrkja lögregluna í baráttunni við skipulagða glæpastarfsemi eða til að koma í veg fyrir fíkniefnainnflutning sem mikil vá stafar af og fer vaxandi í samfélaginu að þá skuli komið fram með frumvarp sem felur í raun í sér að mjög verður þrengt að þessum mikilvægu rannsóknarheimildum lögreglunnar. Þá vekur það sérstaka athygli að innanríkisráðuneytið virðist ekki hafa talið þörf á því að kynna lokadrög frumvarpsins með almennum hætti á vefsíðu ráðuneytisins eins og almennt hefur tíðkast í seinni tíð svo unnt væri að gera athugasemdir áður en endanlega var gengið frá frumvarpinu og það lagt fram á Alþingi. Þá er ekki kunnugt um að haft hafi verið samráð við helstu undirstofnanir sem málið varðar. Verður helst ráðið að unnið hafi verið að málinu af flýti eða samkvæmt fyrirfram ákveðnum forsendum og ekki hafi staðið til að gæta samráðs við undirstofnanir og þá sérfræðinga sem starfa innan lögreglu og ákærvalds og þekkingu hafa á málefnum.

Fyrir hönd stjórnar Ákærendafélags Íslands,

Jón H. B. Snorrason, formaður.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/610
komudagur 19.11.2012

Reykjavík, 19. nóvember 2012
Tilvísun: 201211-1222

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð sakamála (skilyrði fyrir beitingu úrræða skv. XI. kafla), 292. mál


Vísað er til tölvupósts dags. 6. nóvember sl. þar sem embættinu er sent til umsagnar frumvarp til laga um meðferð sakamála (skilyrði fyrir beitingu úrræða skv. XI. kafla), 292. mál.

Af frumvarpinu og athugasemdum með því má ráða að verið sé að þrengja skilyrði fyrir beitingu rannsóknarúrræða samkvæmt 81. og 1. mgr. 82. gr. laga um meðferð sakamála. Þrengingin felst í því að bæta við því skilyrði fyrir beitingu umræddra úrræða að til staðar þurfi að vera ríkir almanna- eða einkahagsmunir þegar til rannsóknar eru brot sem varða að minnsta kosti átta ára fangelsi, en í gildandi lögum á það skilyrði einungis við þegar verið er að rannsaka brot þar sem refsiramminn er undir því viðmiði.

Rannsóknarúrræðum skv. umræddum ákvæðum laga um meðferð sakamála er nánast eingöngu beitt við rannsóknir mála þar sem refsiramminn er að minnsta kosti átta ára fangelsi. Þau tilvik þar sem þeim hefur verið beitt vegna rannsóknar annarra brota og þá á grunni þess skilyrðis að til staðar séu ríkir almanna- eða einkahagsmunir eru afar fá. Byggist það á því mati lögreglu, ákærvalds og dómstóla að túlka beri slík matskennd skilyrði þröngt með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála.

Það er með öllu óljóst hvaða áhrif lagabreyting sú sem lögð er til með þessu frumvarpi muni hafa á rannsóknir mála hjá lögreglu. Telja verður líklegt að mat dómstóla verði með þeim hætti að í því felist ríkir almanna- og/eða einkahagsmunir að lögreglan fái heimild til beitingar þessara rannsóknarúrræða þegar til rannsóknar eru brot sem varða að minnsta kosti átta ára fangelsi, til dæmis þegar til rannsóknar er innflutningur á umtalsverðu magni af fíkniefnum. Ekki er þó hægt að ganga út frá því líkt og við á í dag heldur er ljóst að meta þarf hvert og eitt tilvik sérstaklega. Mögulegt er að þröng túlkun dómstóla á slíku ákvæði muni hafa í för með sér að úrræði lögreglu til að rannsaka slík mál verði skert til mikilla muna frá því sem nú er, en um það er erfitt að fullyrða. Með hliðsjón af þeirri óvissu sem skapast með samþykkt þessa frumvarps er ekki unnt að fallast á það sem fram kemur í greinargerð með því að verið sé að setja skýrari skilyrði fyrir beitingu umræddra rannsóknarúrræða við rannsóknir sakamála.

Einnig er ljóst að frumvarp þetta bætir engu við rannsóknarheimildir lögreglu á ákveðnum sviðum frá því sem er í dag, eins og mögulega má ráða af tilvísun í frumvarpinu til sex ára refsiramma og upptalningar á tilgreindum brotum. Ástæðan er sú að á grunni gildandi laga er í dag unnt að beita þeim rannsóknarúrræðum sem hér um ræðir að uppfylltum skilyrðum um ríka almanna- og einkahagsmuni. Með hliðsjón af því er það ljóst að eini tilgangur þessa frumvarps er að þrengja heimildir lögreglu til beitingar umræddra rannsóknarúrræða.

Virðingarfyllt,

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri.





Selfossi 30. október 2012

Alsherjar- og menntamálanefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík



Umsögn um frumvarp til breytinga á Sakamálalögum nr. 88/2008 292. mál.

Til meðferðar eru á Alþingi annarsvegar frumvarp til breytinga á 83. gr. Sakamálalaga nr. 88/2008 þar sem gert er ráð fyrir að símhlustun verði einungis beitt ef brot er talið varða 6 ára fangelsi og (í núgildandi lögum ellegar) að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess. Undan rammanum um refsíþyngdina eru skilin tiltekin ákvæði Almennra hegningalaga, m.a. 175 gr. a þar sem fjallað er um skipulagða brotastarfsemi. Hinsvegar er þar til umfjöllunar frumvarp til nýrra laga um vopn, sprengiefni og skotelda. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að brot á lögnum varði 4 ára fangelsi eða 8 ára ef brot er stórvægilegt.

Séu þessi tvö frumvörp skoðuð í samhengi sýnist mér að á fjarskipti „einyrkja“ í broti gegn vopnalögum verði ekki hlustað fyrr en sýnt hefur verið fram á að hann hyggist beita vopnum gegn almenningi. Þannig verði eftirliti varla komið við eftir að ákvæðum Sakamálalaga hefur verið breytt. Rétt er að hafa í huga að ótiltekin fjöldi þeirra ógæfuverka sem unnin hafa verið með skotvopnum eða sprengiefni í hinum vestræna heimi er ekki afrakstur skipulagðrar brotastarfsemi þriggja manna eða fleiri eins og tiltekið er í skilgreiningu 175. gr. a Almennra hegningalaga nr. 19/1940 heldur hugarfóstur eins manns.

Ég tel að upp geti komið sú staða að ríkir almannahagsmunir einir og sér (óháð refsíþyngd ætlaðs brots) getir staðið til þess að símhlustun þurfi að beita vegna gruns um brot á lögum um vopn, sprengiefni og skotelda.

Virðingarfyllt,

Oddur Árnason
yfirlögregluþjónn

From: Ólafur Helgi Kjartansson Sýslumaðurinn Selfossi <ohk@sylumenn.is>
Sent: 28. nóvember 2012 15:12
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Umsögn um frumvarp til breytinga á skamálalögum

Importance: High

Ágæti viðtakandi

Vegna máls nr. 292 sem liggur fyrir Alþingi vill Lögreglustjórafélag Íslands koma því á framfæri að eðlilegt er að senda félaginu slík mál til umsagnar. En beiðni um umsögn virðist ekki hafa borizt.

Breyting sem hér um ræðir varðar 83. gr. um símhlustanir. Ákvæðið verði samkvæmt frumvarpinu eftirfarandi:

2. mgr. 83. gr. laganna orðast svo:

Auk þess sem segir í 1. mgr. verða þau skilyrði að vera fyrir hendi svo að gripið verði til aðgerða skv. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum sex ára fangelsi og að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess. Með sama skilorði verður gripið til þessara aðgerða ef rannsókn beinist að broti á 175. gr. a, 206., 210. og 226. gr., 1. mgr. 232. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að þeim verði einungis unnt að beita varði brot 6 ára fangelsi.

Margvísleg sjónarmið eru til skoðunar við slíkar lagabreytingar. Ljóst má vera að verði þessi ákvæði að lögum verða fjarskipti þeirra sem standa einir að brotastarfsemi ekki hleruð. En rétt er að vekja athygli á því að nýverið var maður dæmdur í Noregi fyrir skotárásir og sprengingar sem höfðu í för með sér dauða nærri 80 manns. Hann starfaði einn og hefði ekki verið unnt að hlera fjarskipti hans samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Í greininni er einnig vísað til ríkra almannahagsmuna og einkahagsmuna en hlerun á grundvelli greinarinnar miðast við að brot varði 6 ára fangelsi með undantekningu er varðar 175. gr. a. almennra hegningarlaga, sem fjallar um skipulagaða brotastarsemi.

Almannahagsmunir geta verið mjög ríkir janfvel þót brot varði minna 6 ára refsingu. Því má ljóst vera að verulega verað þrengdir möguleikar lögreglu til símhlustunar verði ákvæðið samþykkt sem lög. Það er álit Lögreglustjórafélags Íslands að greinin þrengi um of möguleika til símhlustunar.

Með vinsemd og virðingu,
Ólafur Helgi Kjartansson
Formaður Lögreglustjórafélags Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 141/1093
komudagur 14.12.2012

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 11. desember 2012

Tilvísun: 2012111298ÞS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 6. nóvember 2012 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála (þskj. 325, 292. mál á 141. löggjafarþingi). Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skilyrðum 2. mgr. 83. gr. laganna fyrir símahlustun og sambærilegum úrræðum. Breytingarnar fælust einkum í því að ávallt yrði bæði gert að skilyrði að rannsókn beindist að broti sem varðar tiltekinni fangelsisvist, sem og að ríkir almanna- eða einkahagsmunir krefðust úrræðanna. Eins og löggin eru nú úr gærði gerð er hins vegar nóg að öðru hvoru skilyrðanna sé fullnægt. Samhliða því að skilyrði fyrir umræddum úrræðum yrðu hert að þessu leyti gerir frumvarpið hins vegar ráð fyrir að framangreind fangelsisvist, sem brot getur varðað, yrði a.m.k. sex ár í stað átta ára áður. Af athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu verður ráðið að slíkt sé talið nauðsynlegt í ljósi þeirrar þrengingar á heimildum sem með ákvæðum þess yrði að öðru leyti kveðið á um.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Þórdur Sveinsson

SJF/
Tilv.: 201211-0709

Reykjavík, 20. nóvember 2012

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð sakamála (skilyrði fyrir beitingu símahlustunar), 292. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a.:

„Á síðustu árum hefur komið fram sú gagnrýni að skilyrði fyrir heimildum til símahlustana og skyldra aðgerða séu ekki nógu skýr og því sé heimild til slíkra aðgerða veitt í meira mæli en nauðsyn væri og án nægilegs rökstuðnings.“

Í athugasemdunum eru ekki dregin fram nein þau atriði sem sýnt geta fram á að þessi gagnrýni sé á rökum reist. Er því erfitt um vik að meta þörfina á þeim breytingum á skilyrðum fyrir símahlustunum og skyldum aðgerðum sem lagðar eru til.

Ríkissaksóknari tekur þó undir þær röksemdir sem þar koma fram um lækkun refsiramma úr 8 árum í 6 ár hvað varðar þau brot sem rannsókn beinist að og heimilt verður að beita rannsóknarræðum skv. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt frumvarpinu verður heimild til hlustunar eða sambærilegra úrræða í öllum tilvikum að uppfylla það skilyrði að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist aðgerðanna. Ríkissaksóknari hefur efasemdir um að heimildir til símahlustunar og skyldra úrræða verði skýrari með þessu móti, líkt og stefnt er að með frumvarpinu, enda háð mati dómara hverju sinni hvort skilyrðið telst uppfyllt. Fordæmi Hæstaréttar fram til þessa og lögskýringargögn veita litla leiðbeiningu í þessu efni. Þá gæti lögfesting þessa fortakslausa skilyrði þrengt um of að heimildum lögreglu við rannsóknir alvarlegra sakamála.

Varðandi undantekningar frá þeirri meginreglu, að brot varði allt að sex ára fangelsi, til að heimilt sé að beita símahlustun þá er bent á eftirfarandi atriði vegna brot gegn 206. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga:

Kaup á vændi skv. 1. mgr. 206. gr. varða sektum eða fangelsi allt að einu ári. Kaup á vændi barns skv. 2. mgr. 206. gr. varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í athugasemdum með frumvarpinu er því lýst að brot gegn 175. gr. a., 206. gr. og 210 gr. almennra hegningarlaga séu brot sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi. Að mati ríkissaksóknara verður sú háttsemi að kaupa vændi, í eitt skipti eða fleiri, tæpast tengd við skipulagða brotastarfsemi af hálfu sakborningsins, þ.e. þess sem kaupir vændið.

Brot gegn 210. gr. varða sektum eða fangelsi allt 6 mánuðum, nema um sé að ræða dreifingu á efni sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, svonefnt barnaklám, en þá getur refsing orðið fangelsi allt að 2 árum. Brot gegn 210. gr. a., sem fjallar einkum um vörslu á barnaklámi, varða einnig 2 ára fangelsi. Ákvæðið tók gildi með lögum 58/2012, en áður var fjallað um vörslu á barnaklámi í 210. gr. Ríkissaksóknari telur að takmarka eigi heimild til símahlustunar og sambærilegra úrræða við þau brot gegn 210. gr. og 210. gr. a. sem tengjast vörslu og dreifingu á barnaklámi, auk ákvæðis 210. gr. b., sbr. lög nr. 58/2012, sem eðlilegt er að fella hér undir.



Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari

